

## REGLUGERÐ

**um (6.) breytingu á reglugerð nr. 313/2013  
um greiðsluþáttöku sjúkratrygginga í lyfjakostnaði.**

1. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðast svo, ásamt fyrirsögn:

*Lyfjaskírteini.*

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt í samræmi við vinnureglur sem stofnunin setur sér að gefa út lyfjaskírteini til staðfestingar greiðsluþáttöku. Í vinnureglum er heimilt að tengja skilyrði greiðsluþáttöku við ástand sjúkratryggðs og tiltaka hámarksagni í lyfjaávísunum.

Sjúkratryggingum Íslands er heimilt samkvæmt umsókn frá lækni sjúkratryggðs að ákvarða einstaklingsbundna greiðsluþáttöku sjúkratrygginga vegna kaupa á lyfjum í eftirfarandi tilvikum:

1. Þegar sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota um lengri tíma lyf sem sjúkratryggingar greiða ekki. Sjúkratryggingum Íslands er þá heimilt að taka þátt í lyfjakostnaði viðkomandi skv. 4. og 6. gr.
2. Þegar sjúkratryggður nýtur líknandi meðferðar í heimahúsi, er með lokastigsnýrnabilun eða alvarlegan geðrofssjúkdóm. Sjúkratryggingum Íslands er þá heimilt að undanþiggja sjúkratryggðan greiðslu gjalda vegna tiltekinna lyfja eða lyfjaflokka, sbr. þó 6. gr.
3. Þegar sjúkratryggður af brýnum læknisfræðilegum ástæðum, svo sem vegna alvarlegra aukaverkana, getur ekki notað það lyf sem greiðsluþáttaka sjúkratrygginga miðast við, sbr. 1. tölul. 2. mgr. 6. gr., er heimilt að miða greiðsluþáttöku við hámarkssmásoluverð viðkomandi lyfs.
4. Þegar sjúkratryggður af brýnum læknisfræðilegum ástæðum þarf að nota til dæmis húðkrem, augndrop, vítamín eða sambærilegar vörur, er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að taka þátt í kostnaði viðkomandi skv. 4. og 6. gr.
5. Þegar sjúkratryggður þarf af brýnum læknisfræðilegum ástæðum að nota lyf sem veitt hefur verið undanþága fyrir, þ.e. lyf án markaðsleyfis og lyf með markaðsleyfi sem hefur ekki verið markaðssett, skv. 7. mgr. 7. gr. lyfjalaga eða forskriftarlyf læknis. Sjúkratryggingum Íslands er þá heimilt að taka þátt í lyfjakostnaði viðkomandi skv. 4. og 6. gr.
6. Þegar sjúkratryggðum er brýn nauðsyn að nota S-merkt lyf sem ávísað er til notkunar utan heilbrigðisstofnana er Sjúkratryggingum Íslands heimilt að taka þátt í kostnaði viðkomandi lyfs skv. 15. gr.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með stoð í 25. gr., 1. mgr. 29. gr. og 55. gr. laga um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, með síðari breytingum, og 43. gr. lyfjalaga nr. 93/1994, með síðari breytingum, öðlast þegar gildi.

*Velferðarráðuneytinu, 27. maí 2015.*

**Kristján Þór Júlíusson**  
heilbrigðisráðherra.

---

*Sveinn Magnússon.*